

## Dæmi um sjálfsmat fyrir alla vikuna

	<b>Mjög gott</b>	<b>Gott</b>	<b>Sæmilegt</b>	<b>Þarfnast lagfæringar</b>
<b>Skilningur</b>	Ég tel mig hafa mjög góðan skilning á viðfangsefninu.	Ég tel mig hafa góðan skilning á viðfangsefninu.	Ég tel við hafa nokkuð góðan skilning á viðfangsefninu.	Ég tel mig sjaldan hafa skilið viðfangsefnið.
<b>Hugmyndir</b>	Ég deildi hugmyndum með hópfélögunum.	Ég deildi oftast hugmyndum með hópfélögunum.	Ég deildi stundum hugmyndum með hópfélögunum.	Mér gekk erfiðlega að koma með hugmyndir.
<b>Ábyrgð</b>	Ég tók sameiginlega ábyrgð á verkefninu.	Ég tók oftast ábyrgð á verkefninu.	Ég tók stundum ábyrgð á verkefninu.	Ég tók sjaldan ábyrgð á verkefninu.
<b>Virðing</b>	Ég hlustaði á aðra og virti rök annarra.	Ég hlustaði oftast á aðra. Ég reyndi að taka tillit til annarra.	Ég hlustaði stundum á aðra. Ég held að ég hafi tekið tillit til annarra.	Ég átti erfitt með að hlusta á aðra. Ég tók lítið sem ekkert tillit til annarra.
<b>Áhugi</b>	Ég sýndi verkefninu áhuga.	Ég hafði áhuga á flestu.	Ég hafði áhuga á sumu.	Ég hafði lítinn áhuga á verkefninu.
<b>Fyrirmæli</b>	Ég fór eftir fyrirmælum.	Ég fór oftast eftir fyrirmælum.	Ég fór stundum eftir fyrirmælum.	Ég átti erfitt með að fara eftir fyrirmælum.
<b>Vinnusemi</b>	Ég vann mjög vel allan tímann.	Ég vann vel mestallan tímann.	Ég vann vel þegar við komumst af stað.	Ég hefði getað notað tímann betur.
<b>Samvinna</b>	Ég vann vel með öllum í hópnum.	Ég vann vel með flestum í hópnum.	Ég vann vel með sumum í hópnum.	Ég hefði getað unnið betur með hópnum.
<b>Virkni</b>	Ég tók virkan þátt í verkefninu.	Ég tók oftast virkan þátt í verkefninu.	Ég tók stundum þátt í verkefninu.	Ég hefði getað verið virkari.
<b>Hlutverk</b>	Ég sinnti mjög vel mínu hlutverki.	Ég sinnti oftast vel mínu hlutverki.	Ég sinnti stundum mínu hlutverki.	Ég var óruggur með mitt hlutverk í hópnum.
<b>Ákvarðanir</b>	Við vorum mjög sammála um flest.	Við vorum sammála um flest.	Við vorum oft ósammála.	Við vorum mjög oft ósammála.
<b>Frammistaða</b>	Ég náði markmiðinu og lagði mig fram.	Ég á stutt í að ná markmiðinu og ég lagði mig oftast fram.	Ég er komin(n) áleiðis að markmiðinu og ég lagði mig stundum fram.	Ég náði ekki því markmiði sem ég setti mér. Ég hefði getað gert betur.